




Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.09.2018

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Þriðji ársfjórðungur 2018 einkenndist af miklum sveiflum á markaði. Innlend skuldabréf skiluðu um 1,7% ávöxtun og hefur ávöxtun verðtryggðra bréfa verið betri en ávöxtun óverðtryggðra bréfa á fjórðungnum sem skýrist að hluta til af framboði verðtryggðra ríkisskuldabréfa og auknum verðbólguvæntingum. Hækkunar á innlendum hlutabréfamarkaði, sem áttu sér stað í upphafi árs, hafa gengið til baka. Hlutabréfavisitala GAMMA lækkaði um 7,4% á tímabilinu og hefur hún lækkað um 2,8% á

árinu. Gengisvísitala krónunnar lækkaði um tæp 6% á fjórðungnum. Að langstærstu leyti átti sú veiking sér stað í september í kjölfar neikvæðrar umræðu um íslensku flugfélögin og áhyggjum af áhrifum á íslenskt hagkerfi. Erlend hlutabréf hækkuðu um 4,3% í USD á tímabilinu og til viðbótar veiktist gengisvísitala krónunnar en USD hefur verið að styrkjast gagnvart helstu myntum á tímabilinu. Ávöxtun erlendra hlutabréfa er því jákvæð um 7,8% á þriðja ársfjórðungi.